Síðuskóli nóvember 2015

# Agaferli SMT í Síðuskóla

**Skýr fyrirmæli gefin** → Nemandi fylgir fyrirmælum → **Hrós !**

↓

Nemandi fylgir ekki fyrirmælum

↓

Athuga hvort nemandi hafi skilið fyrirmælin, ítreka og minna á regluna → Nemandi fylgir fyrirmælum → **Hrós !**

↓

Nemandi fylgir ekki fyrirmælum

↓

Gefa tvo valmöguleika á lausn –gefa umhugsunartíma í 1-2 mínútur → Nemandi fylgir fyrirmælum → **Hrós !**

↓

Nemandi velur að fylgja ekki fyrirmælum og tekur afleiðingum

**Viðmið um hegðunarfrávik og afleiðingar**

1. stigs

**Hegðunarfrávik:**
- Þras/ögrun/rifrildi
- Truflar athafnir/leiki eða vinnu annarra
- Gengur illa um
- Snertir/togar/ýtir öðrum
- Annað

**Afleiðingar:**
- Leyst á staðnum og/eða skráð á stoppmiða í Mentor. Umsjónarkennari látinn vita. Haft samband við stjórnendur ef þarf.

2. stigs

**Hegðunarfrávik:**
- Særandi/niðrandi orðbragð
- Neitar að fylgja fyrirmælum/óhlýðni
- Ósannsögli/svindl
- Áreiti/stríðni
- Brýtur ítrekað skólareglu

**Afleiðingar:**
- Stoppmiði skráður í Mentor og foreldrar látnir vita. Umsjónarkennari látinn vita. Haft samband við stjórnendur ef þarf.

3. stigs

**Hegðunarfrávik:**
- Ofbeldi/slagsmál/ ógnandi hegðun
- Skemmdarverk
- Þjófnaður
- Annað (vopn, eldfæri, reykingar, fíkniefni)

**Afleiðingar:**
- Nemandi er fjarlægður úr aðstæðum, lýkur skóladegi hjá stjórnendum eða sóttur af foreldri. Stoppmiði skráður í Mentor. Umsjónarkennari látinn vita

## Á hverju skólaári eru *2 stoppmiðatímabil*.

Skráningatímabil miðast við áramót

**Stoppmiðanum** komið til ritara sem skráir hann í Mentor. Ritari safnar í möppu. Kennarar geta einnig skráð stoppmiða í Mentor. Skrá skal fremst í dagbókina **Stoppmiði og muna að velja staðsetningu og o.s.frv. í flipunum. Einnig þarf að senda tilkynningu um skráninguna á umsjónarkennara.**

⬇

**Eftir *3 stoppmiða* á hvoru stoppmiðatímabili**

Umsjónarkennari tekur á málinu og hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið **3 stoppmiða**.

⬇

**Eftir *5 stoppmiða* á hvoru stoppmiðatímabili**

Umsjónarkennari hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið **5 stoppmiða** og boðar þá á **fund** þar sem leita skal lausna til úrbóta.

**Hafi nemandi fengið fleiri en einn stoppmiða fylgja því aðrar afleiðingar en koma fram í ferlinu hér á undan. Nauðsynlegt er að reyna að tengja saman eðli brotsins og afleiðingu þegar ákveðin leið er valin** t.d. þegar nemendur flokka ekki rétt gætu þeir farið og tínt rusl eða ef þeir ganga ekki frá hreinu borði þá gætu þeir farið í þrif í matsal.

**Möguleikarnir eru:**

- Vísa nemandanum til **umsjónarkennara eða skólastjórnenda.**
- Missa ákveðin **forréttindi**. Sjá töflu
- Samband haft við foreldra. **Umsjónarkennari** sér um það en **faggreinakennari** getur gert það í samráði við umsjónarkennara.
- Foreldri sækir skóla með nemanda.
- Bæta tjón sem nemandi veldur af ásetningi, **skólastjóri** og **húsvörður** sjá um það.
- Einvera hjá **skólastjórnendum.**
- Vinna ákveðin uppbótarverkefni samkvæmt verklýsingu. Sjá töflu
- Vísa honum úr kennslutíma til **skólastjórnanda.**
- Nemandi lærir fram á gangi ef hann sinnir ekki náminu í kennslustofunni.

- Tímabundin brottvísun úr skóla og sækja þá foreldrarnir börnin. **Umsjónarkennari og skólastjóri** taka þessa ákvörðun.
- Brottvísun úr skóla samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga. **Skólastjóri** tekur ákvörðunina.
- Annað____________________________________

## Verkfærakassi SMT



| Dæmi um forréttindamissi | Dæmi um uppbótarverkefni |
|---|---|
| ❖ Fá ekki að fara í frímínútur og situr þá í einveru eða við að læra **hjá skólastjórnendum, skólaliðar** geta einnig sinnt þessu.<br>❖ Fá ekki að fara í ballskák (billjarð) eða borðtennis í frímínútum eða hádegi. **Starfsmaður á frímínútnavakt** sér um það sem tilheyrir salnum og **skólaliðar** sjá um C-gang.<br>❖ Missa af ferðum (sem stutt er í). **Umsjónarkennari** og **skólastjórnandi** taka ákvörðun.<br>❖ Fá ekki að fara í ákveðnar kennslustundir. | ❖ Þrífa að hámarki tuttugu stóla og tíu borð í matsal **í umsjón skólaliða.**<br>❖ Þrífa óhreinar bækur á bókasafni **í umsjón bókavarðar.**<br>❖ Eftirseta í lok skóladags vegna slakrar vinnusemi í skólanum **í umsjón námsráðgjafa eða stjórnanda.**<br>❖ Flokka spil og fleira í hillum á göngum **í umsjón kennara, stjórnanda, skólaliða eða húsvarðar**.<br>❖ Ydda blýanta **í umsjón kennara, stjórnanda eða skólaliða**.<br>❖ Raða einhverju sem þörf er á t.d. á þeirra gangi **í umsjón kennara, stjórnanda eða skólaliða.** |

## Til minnis:

______________________________________________

______________________________________________

______________________________________________

______________________________________________

______________________________________________

______________________________________________

______________________________________________

______________________________________________

______________________________________________